

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1.2.3. og 5. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Grundarfjarðarbæjar um byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktar, skal hann hlutast til um að umsókn verði lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi byggingarnefndar og bókaðar í gerðabók nefndarinnar en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann leggja málið fyrir byggingarnefnd á sama hátt.

5. gr.

Ákvörðunum byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari má skjóta til byggingarnefndar innan 14 daga frá því að aðila varð kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, enda hafi málið ekki þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar staðfestist hér með skv. 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 262/2004 skal vera 2.500 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. mars, en eindagi er 30. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er trygging, merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Grundarfirði, 22. mars 2004.

Eypór Björnsson bæjarstjóri.